

Samruni Opinna Kerfa hf. og TRS ehf.

1. Með bréfi, dags. 13. nóvember 2023, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhugaðan samruna Opinna Kerfa hf. (hér eftir „Opin Kerfi“) og TRS ehf. (hér eftir „TRS“) með samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga. Með tölvubrési dags. 7. desember var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga og byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 14. nóvember 2023.
2. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem fylgdu og annarra aðgengilegra og fyrirliggjandi upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Verður vísað til þessara upplýsinga í ákvörðuninni eftir því sem ástæða þykir til.
3. Í samrunaskrá kemur eftirfarandi fram varðandi starfsemi samrunaaðila:
 - a) Opin Kerfi sérhæfir sig í ráðgjöf og rekstrar- og hýsingarþjónustu, ásamt sölu á tölvu- og samskiptabúnaði til bæði innlendra og erlendra fyrirtækja. Skráður tilgangur Opinna Kerfa sé sala á upplýsingatækni, markaðs-, ráðgjafar- og þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni, fjárfestingar í skyldri starfsemi, rekstur fasteigna, lánstarfsemi og annar skyldur rekstur. Opin Kerfi sameinaðist Premis ehf. árið 2022, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2022, *Samruni Opinna Kerfa hf. og Premis ehf.* Eftir samrunann jókst áhersla Opinna Kerfa á vefsíðugerð að sögn samrunaaðila.
 - b) VPE-OK ehf. er eignarhaldsfélag, stofnað árið 2021, í fullri eigu VEX I slhf. (hér eftir „VEX I“), framtakssjóðs í rekstri Vex ehf. Vex sé rekstraraðili sérhæfðra sjóða með áherslu á óskráðar fjárfestingar samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Þá sé félagið stærsti hluthafi Opinna Kerfa.
 - c) VEX I er 10 milljarða kr. sjóður sem hóf starfsemi sína á árinu 2021. Eignarhald á sjóðnum VEX I sé dreift og enginn einn hluthafi fari með yfirráð yfir honum á grundvelli eignarhlutdeildar eða annarra samninga. Ábyrgðaraðili sjóðsins sé VEX I GP ehf., sem fer jafnframt með stjórn sjóðsins samkvæmt samþykktum hans.¹
 - d) TRS er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni, fjarskiptum og rafmagni og var stofnað árið 1995. Skráður tilgangur TRS sé sala og þjónusta á tölvu- og fjarskiptabúnaði. Félagið sé með höfuðstöðvar á Selfossi en reki einnig skrifstofu í Kópavogi samkvæmt samrunaaðilum.
4. Eðli samrunans sé með þeim hætti að sögn samrunaaðila að Opin Kerfi kaupi 100% hlutafjár í TRS. Ekki sé um að ræða samruna í félagaréttarlegum skilningi að svo stöddu í hið minnsta. Það

¹ Sjá nánari útlistun á eignarhaldi Opinna Kerfa í mgr. 5.-7. í ákvörðun nr. 1/2022.



sé því mat samrunaaðila að viðskiptin feli í sér samruna samkvæmt b-lið 1.m gr. 17. samkeppnislaga.

5. Kaup Opinna Kerfa á TRS taki aðeins til rekstrarþjónustu og vörusölu í upplýsingatæknihluta félagsins samkvæmt samrunaskrá. Til standi að framselja þann hluta starfseminnar sem taki til rafverktöku og þjónustu við fjarskiptafyrirtæki, ásamt öðrum eignum ótengdum upplýsingatækni, til TRS Raf ehf.²
6. Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telji að vöru- og þjónustumarkaður málsins sé upplýsingatæknimarkaður, og mögulegir undirmarkaðir séu 1) markaður fyrir hýsingu- og rekstrarþjónustu tölvukerfa og 2) markaður fyrir sölu á vél- og hugbúnaði fyrirtækja. Að mati samrunaaðila sé landfræðilegur markaður í umræddu máli Ísland, en í samrunaskránni er vakin athygli á mögulegu samkeppnislegu aðhaldi frá alþjóðlegum fyrirtækjum.
7. Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri ákvörðunum sínum talið mögulegt og haldið því opnu að hægt sé að skilgreina margvíslega undirmarkaði upplýsingatæknimarkaðar.³ Samkeppniseftirlitið telur ekki tilefni til að skilgreina formlega þá undirmarkaði sem samrunaaðilar telja sig starfa á eða taka afstöðu til landfræðilegs markaðar í þessu máli þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu samrunamálsins.
8. Um samkeppnisleg áhrif samrunans kemur fram í samrunaskrá að samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila á þrengstu undirmörkuðum og sú samþjöppun sem af samrunanum leiði gefi, að mati samrunaaðila, ekki tilefni til að ætla markaðsráðandi staða verði til með samrunanum eða að hann sé skaðlegur samkeppni að öðru leyti. Samrunaaðilar áætla markaðsstyrk sinn á þeim mörkuðum sem þeir skilgreina í málinu þannig að sameinað fyrirtæki muni búa yfir 5-10% markaðshlutdeild í hýsingu- og rekstrarþjónustu og 15-20% markaðshlutdeild í sölu á vél- og hugbúnaði til fyrirtækja.
9. Samrunaaðilar telji raunar auk þess að samruninn sé til þess fallinn að hafa jákvæð samkeppnisleg áhrif. Á markaðinum séu fleiri öflugir keppinautar sem veiti ríkt samkeppnislegt aðhald, auk þess sem litlar aðgangshindranir séu að viðkomandi mörkuðum. Samrunaaðilar telja einnig að mikil samkeppni sé á upplýsingatæknimarkaði frá erlendum fyrirtækjum, einkum á sviði hýsingar þar sem stór erlend fyrirtæki bjóða upp á hýsingarþjónustu í samkeppni við íslensk fyrirtæki. Með samrunanum bjóðist viðskiptavinum Opinna Kerfa og TRS að nálgast allar þær vörur og þau hugbúnaðarleyfi sem félögin selja erlendis frá eða öðrum söluaðilum hérlendis.
10. Samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim mörkuðum og sú samþjöppun sem af samrunanum leiðir samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum gefi að mati Samkeppniseftirlitsins ekki tilefni að telja að samrunaaðilar búi yfir markaðsráðandi stöðu eða hún falli þeim í skaut í kjölfar samrunans. Á þeim undirmörkuðum sem samrunaaðilar starfi á séu nú þegar margir aðilar sem hafa umtalsverða hlutdeild. Fyrir utan takmörkuð framangreind lárétt áhrif samrunans gefa gögn málsins ekki til kynna möguleg skaðleg áhrif samrunans, þ.e. lóðrétt áhrif eða samsteypuáhrif, sem krefjist frekari rannsóknar. Þá fær Samkeppniseftirlitið ekki séð af fyrirbyggjandi gögnum að mögulega staðbundin skaðleg áhrif á samkeppni leiði af samrunanum í ljósi starfsstöðvar og starfsemi TRS og eðli upplýsingatækniþjónustu.

² TRS á 25% hlut í félaginu Skaldbreiður ehf. en samkvæmt skilmálum viðskiptanna mun sá hlutur vera seldur til TRS Raf ehf. sem hluti af endurskipulagningu félagsins.

³ Sjá t.d. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2012, *Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf.*, ákvörðun nr. 31/2015, *samruni Advania hf. og Tölvumiðlunar ehf.*, ákvörðun nr. 3/2019, *Greining á markaði fyrir fjárhagskerfi*, ákvörðun nr. 23/2019, *samruni Advania Holding hf. og Wise Lausna ehf.*, og ákvörðun nr. 14/2023, kaup Topicus.com BV á Five Degrees Holding BV, ákvörðun nr. 1/2022, *samruni Opinna Kerfa hf. og Premis ehf.* og ákvörðun nr. 35/2023, kaup *Wise lausna ehf. á Þekkingu – Tristan hf.*



11. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekkert í fyrirbyggjandi upplýsingum eða gögnum málsins bendi til þess að samruninn myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu, eða hann raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

I. Ákvörðunarorð

„Kaup Opinna Kerfa hf. á öllu hlutafé í TRS ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson